

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 27. október 2025 kl. 13:00 var haldinn 370. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók að hluta til þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 27. 9. 2025, lagt fram, auk gagna sem afhent voru stjórn á milli funda.
2. Fundargerðir stjórnarfunda SF368 og 9 lagðar fram. Fundargerðir samþykktar og verða sendar til rafrænnar undirritunar.
3. Klukkan 13:09 kynnti Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála drög að níu mánaða uppgjöri samstæðu Orkuveitunnar.

Snorri kynnti svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitunnar (OR) samþykkir og veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til að undirrita 250 mEUR lánaramma við evrópska Fjárfestingabankann (EIB) sem skipt er upp í 2-3 skuldbindandi lánasamninga af hálfu samningsaðila sem undirritaðir eru innan árána 2025-2027. Heimild nær einnig til undirritunar á allt að 100 mEUR lánasamning í fyrsta áfanga á árinu 2025 og undirritunar á einum til tveimur lánasamningum á árunum 2026-2027 í samræmi við samningsfjárhæð lánaramma. Tekið er jafnframt fram að ádrættir samninga skulu ávallt vera innan árlegra fjármögnunarheimilda sem stjórn OR veitir. Forstjóri eða framkvæmdastjóri Fjármála fái heimild til undirritunar allra skjala lánasamninga og ádráttabeiðna þar að lútandi í samræmi við EIB lánarammann.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Snorri kynnti áhættugreiningu og minnisblað, dags. 27. 10. 2025 varðandi Norðurál og þau atvik sem orðið hafa í álveri fyrirtækisins á Grundartanga.

4. Klukkan 14:05 mættu Ingunn Ólafsdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson frá innri endurskoðun og ráðgjöf ásamt Kristbjörgu Héðinsdóttur, forstöðukonu Innkaupa til fundarins og gerðu grein fyrir niðurstöðum úttektar IER á innkaupum hjá Orkuveitunni og dótturfélögum og viðbrögðum við ábendingum, sem fram koma í úttektinni.

5. Klukkan 14:45 mætu til fundarins Dagmar Birgisdóttir og Gísli Björn Björnsson og kynntu Rýni áhættustefnu og arðgreiðslustefnu.

Gísli kynnti og lagði til óbreytta arðgreiðslustefnu. Stefnan borin upp og samþykkt samhljóða óbreytt.

Dagmar og Gísli lögðu fram og kynntu áhættustefnu með breytingu. Stefnan borin upp og samþykkt samhljóða með breytingu sem snúa að aðskilnaði milli auðlinda og fjármagns. Dagmar gerði grein fyrir rýni á áhættufylki, skýrði og lagði til breytingar á því. Samþykkt samhljóða.

6. Breytingar á samþykktum og fjárhæðir næsta árs til VOR sjóðs kynntar og bornar upp. Samþykktar samhljóða.

HLE

7. Elín kynnti svohljóðandi tillögu um fyrirhugaða úttekt á raunverulegum aðskilnað. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að ráðist verði í rýni á raunverulegum aðskilnaði milli sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi innan Orkuveitunnar og hvort kröfur raforkulaga um stjórnunarlegt sjálfstæði Veitna séu uppfylltar.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða

8. Klukkan 15:25 mættu Dagmar Birgisdóttir, leiðtogi áhættustýringar, Hera Grímsdóttir framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar og Sigurður Ragnarsson, sérfræðingur í auðlindastýringu til fundarins og gerðu grein fyrir rekstraráhættum.
9. Klukkan 15:55 mættu til fundarins Bryndís Björnsdóttir, Brynja Ragnarsdóttir og Sólrún Kristjánsdóttir og kynntu nýtt hættumat í Heiðmörk og stöðu deiliskipulagsvinnu.
10. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 2 október 2025 lagt fram.
11. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 21.10.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 244 dags. 26.09.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 24.10.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 22.10.2025.

Fundargerð stjórnarfundar ON 79 dags. 24.09.2025

12. Lagt fram minnisblað frá Veitum, dags. 23. 10. 2025 um stöðu verkefna, sem beint var til fyrirtækisins frá borgarstjórn í kjölfar skýrslu starfshóps um hringrásarhagkerfið á höfuðborgarsvæðinu og tillögur starfshópsins

13. Klukkan 16:30 mætti Elín Björk Böðvarsdóttir, leiðtogi stefnu og árangurs, til fundarins og kynnti drög að skýrslu um framkvæmd eigendastefnu. Stjórn gerir ekki athugasemdir við skýrsluna og verður hún lögð fram á reglulegum eigendafundi í nóvember.
14. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 27.10.2025. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:58.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 24. nóvember 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.